

II. KAFLI

Stjórnun.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara:

- a. einn fulltrúa tilnefndan af Félagi heyrnarlausra,
- b. einn fulltrúa tilnefndan af Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardaufra,
- c. einn fulltrúa tilnefndan af félagsmálaráðherra,
- d. einn fulltrúa tilnefndan af heilbrigðisráðherra og
- e. skipar menntamálaráðherra einn fulltrúa án tilnefningar. Skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfsfólk að fengnum tillögum forstöðumanns í samræmi við starfsmannaheimildir.

6. gr.

Samskiptamiðstöð gerir fjárhags- og framkvæmdaáætlun til allt að fimm ára. Stjórn stofnunarinnar staðfestir áætlanir og fylgist með framkvæmd þeirra. Menntamálaráðherra getur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, sett gjaldskrá fyrir þá þjónustu sem samskiptamiðstöðin veitir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lögin skal endurskoða innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins,
sbr. lög nr. 76/1989 og 70/1990.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- a. 5. mgr. 13. gr. laganna falli brott.
- b. 20.–22. gr. laganna falli brott.
- c. 7. mgr. 30. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 94. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Eigi skal greiða stimpilgjald af lánsamningum sem Húsnæðisstofnun ríkisins gerir við framkvæmdaraðila vegna byggingar eða kaupa á félagslegum íbúðum. Skuldabréf, sem framkvæmdaraðili gefur út í verklok til Húsnæðisstofnunar ríkisins, eru einnig stimpilfrjáls.

Eigi skal greiða stimpilgjald af skuldabréfum sem kaupendur félagslegra íbúða gefa út til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þó skal greiða stimpilgjald við kaup á almennum kaupleiguíbúðum.

3. gr.

Í stað orðanna „skv. 2. mgr. 102. gr.“ í 100. gr. laganna komi: skv. 101. gr.

4. gr.

Lögin öðlast þegar gildi. Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða stimpilgjald af skjölum þeim sem getur í 2. gr. og stimpluð voru eftir 1. júní 1990.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 11. gr. laga nr. 26 5. maí 1990 um breytingu á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum, hef látið fella meginmál laga nr. 26/1990 inn í meginmál laga nr. 77/1979, með áorðnum breytingum, og gef þau út svo breytt.

I. KAFLI

Hlutverk Háskóla Íslands.

1. gr.

Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu.

II. KAFLI

Stjórn háskólans.

2. gr.

Stjórn háskólans er falin háskólaráði, rektor, deildum, deildarforsetum og framkvæmdastjórn stjórnarsýslusviða. Háskólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana, vinnur að þróun og eflingu þeirra og